

# Ungmennasamband Kjalarnesþings



Engjavegi 6  
104 Reykjavík  
Símanúmer: 514 4090  
Tölvupóstur: [umsk@umsk.is](mailto:umsk@umsk.is)  
Vefsíða: <http://www.umsk.is>

## Fundargerð

Fundarmenn og afrit:  
Valdimar Leó,  
Guðmundur, Þorsteinn,  
Margrét, Helga. Lárus og  
Magnús boðuðu forföll

Dags fundar: 10. Sept.  
2014  
Tími: 12:00  
Staður: Íþróttamiðstöðin  
Laugardal  
Fundarritari: Valdimar  
Gunnarsson

### Fundargerð

Nr.	Lýsing
1.	Fundur settur formaður setti fundinn
2.	Heimasíða – verið að vina við að færa efni yfir á nýja síðu.
3.	Dansmót UMSK – verður haldið í Smáranum 12. Október í umsjón dansfélaganna í Kópavogi.
4.	Kraftlyftingamót UMSK – félagar innan kraftlyftingafélaga í UMSK hafa óskað eftir samstarfi um að koma á mót í kraftlyftingum.
5.	Kópavogs maraþon – Framkvæmdastjóri hefur verið að vinna með áhugafólki tengdu Frjálsíþróttadeild Breiðabliks um að setja á laggirnar Maraðon hlaup í Kópavogi.
6.	Unglingalandsmót Umfí – Formaður og framkvæmdastjóri fóru á Ssauðarkrók. Umræða var um lélega þátttöku í inngöngu keppenda UMSK við setningu mótsins. Nauðsynlegt að finna leið til að fjölga keppendum í gönguna.
7.	Fjármál – Lottó. Framkvæmdastjóri greindi frá því að tekjur sambandsins af Lottói væri á pari við árið í fyrra sem var mjög gott. Stefnt að því að 9. Mánaða uppgjör verði klárt á októberfundi.
8.	Innleiðing nýju stefnunnar – Búið að funda í Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi og stofna þar samráðshópa. Fundirnir gengu mjög vel og ánægja með framtakið.
9.	Umsóknafrestir í sjóði 1. Okt.- Framkvæmdastjóri greindi frá hugmyndum um að sækja í Verkefnasjóð og Íþróttasjóð fyrir gerð efnis til félagsmálakennslu.

10. Söguritunin staðan- söguritarinn lenti í bílslysi í sumar en hann ætlaði að skila af sér í sumar. Búinn að skrifa söguna og safna myndum og stefir að því að skila þessu í nóvember.
11. Handboltamót UMSK – Mótið var haldið í Kópavogi í umsjón handknattleiksdeildar HK
12. Skólahlaup – Skólahlaup UMSK verður haldið á Kópavogsvelli 3. Október og er hluti af Moveweek verkefninu.
13. Sambandráðsfundur UMFÍ – Fundurinn verður haldinn 11. Nóvember í nágrenni Reykjavíkur
14. Afrekssjóður – Fjörutíu og átta umsóknir og þrjú þjalfaraumsóknir hafa borist í sjóðinn. Úthlutað í vikunni.

#### 15. Önnur mál

- Starfssamningur við framkvæmdastjóra kynntur – framkvæmdastjóri vék af fundi. Samningur samþykktur Og gjaldkera falið að ganga frá samningi við framkvæmdastjóra.

### Mál í vinnslu

Lýsing á máli	Ábyrgð	Áætluð skil